



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJUR TIL KONUNGS BELGÍU**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag, þriðjudaginn 22. mars, sent samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni til Philippe konungs Belgíu vegna þeirra skelfilegu árása sem í dag voru gerðar á almenning í Brussel.

Samúð Íslendinga sé með fjölskyldum þeirra sem biðu bana, ættingjum þeirra og vinum, sem og með þeim sem sárir eru.

Hryðjuverkaárásirnar í dag séu atlega að lýðræði okkar og siðmenningu, mannréttindum, jafnrétti og frjálsri umræðu. Brýnt sé að standa vörð um mannúð og bræðralag, lýðræði og jafnrétti sem skipa öndvegið í samfélagsskipan okkar, menningu og sögu.

*22. mars 2016*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*